

Ályktun formannaráðs BSRB um bónusgreiðslur

Formannaráð BSRB fordæmir bónusgreiðslur til stjórnenda fyrirtækja og launakjör sem eru í engu samræmi við raunveruleika íslensks launafólks. Eftir að tekið var á bónusgreiðslum og ofurlaunum í kjölfar bankahrunsins haustið 2008 virðist nú allt vera að færast í sama farið þar sem fyrirtæki umbuna stjórnendum með kjörum sem ofbjóða launafólki.

Formannaráðið skorar á fulltrúa samtaka launafólks og samtaka atvinnurekenda í stjórnnum lífeyrissjóða að beita sér af fullum þunga gegn þessari þróun. Lífeyrissjóðir landsmanna eiga ekki að fjárfesta í fyrirtækjum sem sýna af sér algert siðleysi með því að greiða stjórnendum sínum ofurlaun eða bónusgreiðslur sem almennir starfsmenn sömu fyrirtækja njóta ekki.

Reykjavík, 20. september 2018